

Reykjalundur endurhæfing ehf.

53. fundur stjórnar mánudaginn 14. október 2024 kl. 8:15-9:45 í Grímansfelli.

Boðaðir eru: Guðrún Björg Sigurbjörnsdóttir, Gunnar Ármannsson, Aldís Stefánsdóttir, Arna Harðardóttir varamaður og Pétur Magnússon, forstjóri.

Gestir: Árdís Björk Ármannsdóttir framkvæmdastjóri lækninga og Berglind Guðmundsdóttir gæðastjóri

Fundarritari er Arna Harðardóttir.

Dagskrá

1. Eldri fundargerðir samþykktar og undirrituna.

- Nr. 52 – 20. ágúst 2024.

2. Skýrsla um helstu atriði í starfsemi, kynning frá forstjóra.

Pétur Magnússon fer yfir 9 mánaða uppgjör og útgönguspá ársins sem lítur vel út. Farið yfir stöðu húsnæðismála. Staðan tekin á loftgæðum í sumar og kom í ljós að það þurfti að gera stórþrif. Starfsfólk farið að finna fyrir einkennum, einhverjir hættir vegna einkenna. Ítrekun send á heilbrigðisráðuneytið vegna kaupa á gámaskrifstofum. Ákveðið að ræða húsnæðismál við stjórn SÍBS.

3. Samskipti við stjórn SÍBS

Fyrirhugaður samstarfsfundur stjórnar RLE og SÍBS. Guðrún Björg fer yfir atriði sem hún vill fara yfir með stjórn SÍBS. Erindisbréf stjórnar Reykjalundar endurhæfingar ehf. Staða aðilaskipta í samningamálum við Sjúkratryggingar Íslands.

4. CARF-gæðavottunarkerfi í endurhæfingu.

Árdís Björk og Berglind kynna CARF-gæðavottunarkerfið og innleiðingu á því. Stjórnin fagnar þessari vinnu og styður.

5. Önnur mál.

- Aðilaskipti rædd. Ekki enn verið skrifað undir aðilaskipti.
- Vinna stjórnar á Teams rædd
- Pétur segir frá stefnu sem barst SÍBS vegna fyrrverandi starfsmanns á Reykjalundi.

Fundi slitið kl 9:55

Næsti fundur stjórnar: 5.nóvember, kl 8:15-9:45.

Guðrún B. Sigurbjörnsdóttir
Gunnar Ármannsson
Aldís Stefánsdóttir
Arna Harðardóttir